

14. fundur  
Hverfisnefndarfundur í Brekkuskóla 08.05.2007

Mætt: Bergþóra Þrastardóttir, Hjörleifur Hallgríms, Njáll Trausti, Sigurlína Jónsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir (fundarritari).

Undirbúningur fyrir aðalfund sem haldinn verður 24. maí, nefndarmenn skiptu með sér verkum. Hjörleifur sér um auglýsingu í Dagskrána og tekur að sér fundarstjórn. Formaður kemur saman skýrslu um störf nefndarinnar og athugar hverjir ætla að hætta störfum. Dagskrá aðalfundar verður þannig að formaður segir frá störfum nefndarinnar, nýtt nafn á nefndina borið upp, umræður og kosning nýrra nefndarmanna.

Fram kom hugmynd um að „gamla“ og „nýja“ nefndin fundi einu sinni.

Nokkur umræða varð um nýtt nafn á nefndina og almenn ánægja fundarfólks með þá hugmynd að kalla hana *Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar* og ákveðið að bera það upp á aðalfundinum eins og áður segir.

Sigurlína tók að sér að semja erindi fyrir nefndina um leiksvæði í hverfinu, brýnt að fara fram á endurbætur á þeim.

Fleira ekki rætt, fundi slitið.